

# Héraðsdómur Austurlands

Dómur 26. mars 2026

Mál nr. S-163/2025:

## Ákærvaldið

(Klara Dögg Thorarensen aðstoðarsaksóknari)

gegn

X

(Aníta Rögnvaldsdóttir lögmaður)

(Ásta Björk Eiríksdóttir réttargæslumaður)

## Dómur

Mál þetta, sem tekið var til dóms 26. síðasta mánaðar, var höfðað með ákæru útgefni af héraðssaksóknara 16. október 2025 á hendur X, kt. [...], „fyrir brot gegn blygðunarsemi og barnaverndarlögum, með því að hafa á tímabilinu 2.–5. desember 2022 viðhaft kynferðislegt tal við A, kt. [...], sem þá var 13 ára gömul, og sent henni mynd af getnaðarlim, allt í gegnum einkaskilaboð á samskiptamiðlinum Snapchat, en með framangreindu sýndi ákærði A ósiðlegt athæfi og var háttsemin jafnframt til þess fallin að særa blygðunarsemi hennar.“ Er háttsemin þessi talin varða við 209. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2022. Er þess krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Af hálfu L, kt. [...], fyrir hönd ólögráða dóttur hennar, A, kt. [...], er gerð krafa um að ákærði verði dæmdur til að greiða henni 1.500.000 krónur í bætur, með þeim endanlegu vaxtakröfum að fjárhæðin beri vexti samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá 5. desember 2022 til 27. maí 2023, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist þóknunar að viðbættum virðisaukaskatti til handa réttargæslumönnum brotþola á rannsóknarstigi og fyrir dómi.

Ákærði neitaði sök við þingfestingu málsins og við aðalmeðferð og hafnaði bótakröfu. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum ákærvalds og að sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði, en til vara vægustu viðurlaga sem lög leyfa. Þá krefst hann aðallega frá-vísunar bótakröfu, til vara sýknu af henni, en að því frágengnu að bætur verði ákvarðaðar að mun lægri fjárhæð en krafist sé.

## I

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu komu A, sem nú síðar er brotþoli málsins í skilningi 39. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, B og C, þrjú saman á lögreglustöð 5. desember 2022. Óskuðu þau eftir að tilkynna um eldri mann sem væri að reyna að ná sambandi við börn og var þeim boðið að segja frá því sem þau vildu koma á framfæri. Þau hafi sagst eiga sameiginlega vinkonu, sem væri 14 ára eins og þau, sem vildi ekki láta nafns síns getið. Hún hafi sagt þeim frá því að einstaklingur, sem sagst hafi heita [nafn] og væri 45 ára, hefði boðið sér á Snapchat-síðu hennar með svokölluðu „quick-add“ föstudagskvöldið 2. desember 2022. Hann ætti dóttur sem hann hafi sagt heita eitt-hvað á borð við D, en hún væri 14 ára. Síðan hafi hann talað kynferðislega við hana og sent mynd af einkasvæði sínu og andliti. Sögðu þau aðgang mannsins vera [heiti á Snapchat]. Hafi þremmingunum verið kynnt að hafa þyrfti samband við foreldra þegar börn tilkynntu um mögulegt lögbrot og að barnavernd yrði gert viðvart. Þau hafi virst ekkert alltof hrifin af því í fyrstu en látið til leiðast og gefið upp símanúmer mæðra svo unnt yrði að hafa samband við þær vegna tilkynningar þeirra. Þau hafi verið hvött til að segja foreldrum sínum frá áður en lögregla hringdi og það hafi þau ætlað að gera. Þá hafi C ætlað að taka saman það efni sem vinkonan væri til í að afhenda og koma því til lögreglu.

Lögregla hafi svo haft samband við mæður þremminganna, þær L, móður A, E, móður B og F, móður C, dagana 6. og 7. sama mánaðar og látið vita af fyrrgreindri heim-sókn á lögreglustöð. Þær hafi allar verið forvitnar um framhald málsins, þ.e. hvort börn þeirra þyrftu að koma til frekari viðtala vegna þess, og þeim verið kynnt að málið væri á frumstigi og því ekki vitað með vissu hvernig framhaldið yrði. Þeim væri velkomið að hafa samband síðar og kanna stöðuna ef ekki yrði látið vita að fyrra bragði.

Samkvæmt upplýsingaskýrslu um samtal lögreglu við F, móður C, 6. desember 2023 sagðist hún hafa túlkað orð sonar síns þegar hann hafi sagt henni frá því atviki sem til skoðunar væri að það hafi verið A, vinkona hans, sem komið hefði með honum á lögreglustöðina, sem sjálf hafi átt samskipti við umræddan mann en ekki vinkona þeirra líkt og þau hefðu tjáð lögreglu. Henni var kynnt að þremmingarnir hefðu sagt sameiginlega vinkonu þeirra hafa lent í þessu en F hafi þá ekki hafa túlkað þetta á þann hátt þegar sonur hennar hafi greint henni frá umræddum samskiptum. Hann hafi lýst því fyrir henni að þeir B hafi rætt sín á milli um að réttast hefði verið að berja kallinn fyrir að eiga þessi samskipti við A, vinkonu þeirra.

Þá liggur fyrir skýrsla lögreglu um húsleit lögreglumanna F og H á heimili ákærða 12. janúar 2023 sem hann hafði samþykkt þann dag. Ákærði, sem var handtekinn fyrr um daginn, var viðstaddur leitina ásamt eiginkonu sinni, I, og hafi ein spjaldtölva verið haldlögð við leitina. Þá liggur fyrir skýrsla lögreglu, dags. 7. febrúar 2023, um afritun gagna af þeirri tölvu, hvar í aðalatriðum greinir frá því að ekkert athugavert hafi fundist við rannsókn tölvunnar sem talið sé tengjast málinu.

Í lok fyrri skýrslugjafar sinnar hjá lögreglu 12. janúar 2023 samþykkti hann rannsókn á farsíma sem hann framvísaði við handtöku sama dag. Eftir síðari skýrslugjöf ákærða við rannsókn málsins 27. apríl 2023 samþykkti hann, að höfðu samráði við verjanda sinn, líkamsskoðun á klofsvæði hans og kynfærum. Fór skoðunin þannig fram að ákærði sýndi lögreglumönnum J og G getnaðarlim og var ein ljósmynd tekin af getnaðarlim hans sem er sú mynd á meðal málgagna. Við þessa skýrslugjöf hjá lögreglu var ákærða birt bóta-krafa brotáþola og hafnaði hann henni.

Í skýrslu lögreglu, dags. 23. september 2025, er gerð grein fyrir rannsókn á þeim síma, sem er af gerðinni Samsung Galaxy A32. Þar segir að við rannsókn hafi mátt sjá að forritið Snapchat hafi verið sett upp í símanum á nánar tilgreindri tímasetningu 19. júlí 2017 í gegnum Google Play. Netfangið [netfang X] hafi verið notað til að hlaða forritinu niður, en ekki hafi verið unnt að sjá upplýsingar um notkun aðgangsins í forritinu sjálfu eða aðrar upplýsingar um notkun forritsins og segir að frekari upplýsingar sé að finna í Extraction Report 1.

Í sömu skýrslu greinir jafnframt frá því að við rannsókn símans hafi fundist þrjár tölvupóstur sem séu merktir eins og þeir birtist í Extraction Report 2. Fyrsti tölvupósturinn hafi verið sendur frá [netfang X] 18. apríl 2020 kl. 12:53:00 og hafi innihaldið: „Add me on Snapchat! Username: [notendanafn á Snapchat] [https://www.snapchat.com/add/\[notendanafn á Snapchat\]](https://www.snapchat.com/add/[notendanafn á Snapchat])“, en tölvupósturinn hafi ekki innihaldið skráðan móttakanda. Næsti tölvupóstur hafi verið sendur frá [netfang X] 2. júlí 2020 kl. 22:59:04 og hafi innihaldið: „Add me on Snapchat! Username: [notendanafn á Snapchat] [https://www.snapchat.com/add/\[notendanafn á Snapchat\]](https://www.snapchat.com/add/[notendanafn á Snapchat])“, og hafi sá tölvupóstur líkt og sá fyrsti ekki innihaldið skráðan móttakanda. Þriðji tölvupósturinn hafi einnig verið úr netfanginu [netfang X] og verið sendur 10. október 2019 kl. 22:49:47 á netfangið [netfang K] og innihaldið „Snapchat [...]“.

Enn fremur segir frá því í sömu skýrslu að tekin hafi verið út ein samskipti og megi lesa þau í heild sinni í Extraction Report 3 en aðeins verði tekið fram í skýrslunni það

sem talið sé tengjast málinu. Samkvæmt afritun hafi samskipti hafist 1. apríl 2020 kl. 11:54 og þeim lokið 7. apríl 2020 kl. 20:14. Samskiptin hafi verið milli „Hallo\*“ ([símanúmer]) og „(owner)“ í smáskilaboðum. Hinn 7. apríl 2020 kl. 20:12 hafi Hallo\* sent „Ertu með eitthvað snapchat??“ Kl. 20:13 sama dag hafi (owner) sent „Já en þú“. Kl. 20:14 sama dag hafi Hallo\* sent „Ja“. Sama dag kl. 20:14 hafi svo (owner) sent „Ok“. Sama dag kl. 20:14 hafi svo Hallo\* sent „Adda mer???“ og sama dag kl. 20:14 hafi (owner) sent „Já“. Loks hafi Hallo\* sent kl. 20:14 „Ok [notandi K á Snapchat]“.

Þá segir frá því í sömu skýrslu að búið hafi verið að eyða forritinu Snapchat úr símanum og því ekki sést neinar upplýsingar um notkun þess, aðrar en það sem fram sé komið. Þannig sé ekkert hægt að segja til um notkun Snapchat-aðgangsins sem um ræði eftir 2. júlí 2020, eins og sjáist í fyrrgreindum tölvupósti. Ekkert annað markvert hafi fundist sem talið hafi verið tengjast rannsókn málsins.

Samkvæmt upplýsingaskýrslu lögreglu, dags. 25. september 2025, sem ber heitið samskipti og nektarmyndir, er einnig gerð grein fyrir fyrrgreindum SMS-samskiptum sem fundust við rannsókn á farsíma ákærða. Samkvæmt upplýsingaskýrslu um afritun gagna af síma ákærða sé símanúmer viðmælandans „Hallo“ skráð á K í kerfum lögreglu. SMS-samskiptin milli þeirra hafi byrjað 1. apríl 2020 og staðið yfir til 7. apríl 2020. Þau spanni 264 blaðsíður og einungis sé vikið að því sem kunni að skipta máli í þágu rannsóknar málsins. Samskiptin milli þeirra séu um ýmislegt, en mikið af því sé kynferðislegt. Þau biðji meðal annars hvort annað um myndir og sendi hvort öðru myndir bæði af andlitum sínum og kynfærum. Ákærði spyrji hana meðal annars á bls. 69, „Ertu í einhverju sexy núna“. Hún svari „Leggings goltreyju og þægilegum kjól“. Hann svari þá „Mmmm æði“. Hann spyrji hana einnig hvort hún sé gröð. Þá kemur fram af hálfu ákærða á bls. 173 að hann eigi afmæli [...] sem stemmi við kennitölu hans. Hann segist í samskiptunum starfa hjá [...] (bls. 45), sem stemmi einnig. Í síðustu samskiptum þeirra á milli spyrji K hvort ákærði sé með Snapchat. Hann svari „Já en þú“, hún játi því og spyrji „adda mér??“. Hann svari játandi og gefi K þá upp notandanafnið „[notandi K á Snapchat]“ og þar með lýkur þeim samskiptum sem fundist hafi í síma ákærða.

Enn fremur eru á meðal málsgagna tvönn fyrstu af þrennum fyrrgreindum gögnum um rannsókn á síma ákærða sem bera heitið Forensic Examination Report, sem í skýrslu lögreglu er vísað til sem Extraction Report 1 og Extraction Report 2. Þá er þess að geta að Extraction Report 3 er ekki meðal framlagðra rannsóknargagna, heldur ber skjalaskrá lögreglu með sér að það gagn hafi verið undanskilið við framlagningu gagna.

Samkvæmt skýrslu lögreglu, dags. 9. febrúar 2023, um rannsókn á farsíma brotaþola af gerðinni Samsung Galaxy A52s, var sérstaklega leitað eftir samskiptum hennar við Snapchat-aðgang með notandanafnið „[notendanafn á Snapchat]“. Við afritun símans hafi fundist eitt samtal við notanda með nafnið „[notendanafn á Snapchat]“ sem hafi kallað sig „[heiti á Snapchat]“. Alls hafi sendingar á milli þeirra verið 669 talsins, þar með taldar myndir. Miðað við afritun hefjist samskiptin 2. desember 2022 kl. 9:09 og endi 5. desember 2022 kl. 21:28. [notendanafn á Snapchat] haldi áfram að senda brotaþola skilaboð frá 6. desember 2022 kl. 17:33 til 12. desember 2022 kl. 19:12, en hún hafi ekki svarað.

Samtalið í heild sinni fylgi skýrslunni í svokallaðri Extraction Report sem telur í heild 224 blaðsíður, en í skýrslunni sjálfri eru rakin eftirfarandi samskipti sem sögðu eru hafa vakið athygli. [Heiti á Snapchat] hafi virst stýra samræðunum og byrjað fljótt að ræða kynlíf (2. desember 2022 kl. 10:43) og spurt hvort hún sé fyrir eldri karlmenn og um brjóstastærð. [Heiti á Snapchat] hafi svo spurt hvort það væri í lagi að hann væri 53 ára og hafi brotaþoli svarað játandi. Kl. 11:09 hafi hann spurt hvort hún væri „með hár þarna niðri“. [Heiti á Snapchat] hafi svo spurt hvort hún væri í sokkabuxum og sagt henni að hann væri graður (kl. 11:24). Kl. 11:39 hafi hann spurt hvort hún væri góð í að runka og kl. 11:40 hafi hann spurt hvort að hún væri „með þrönga“. Kl. 12:07 hafi [heiti á Snapchat] sagt að 14 ára dóttir sín, D, hafi verið að koma heim. Brotaþoli hafi spurt hvort hann yrði graður af dóttur sinni og [heiti á Snapchat] sagt já. Hún hafi spurt hvað hann myndi vilja gera við sig og [heiti á Snapchat] svarað „puttað og sleikja narta í geirvorturnar hjá þér og færa mig neðar líka strjúka þér um allt“. [Heiti á Snapchat] hafi svo spurt hvort hún væri í tíma og hún svarað játandi. Hann hafi þá spurt hvort hún gæti fíktað í sér (kl. 12:24) og sent henni svo mynd. Miðað við samtalið sem hafi komið á eftir sé það trúlega typpamyndin sem hann hafi sent. [Heiti á Snapchat] hafi svo spurt aftur 3. desember 2022 kl. 11:50 hvort hún væri gröð og kl. 11:53 hvort hún svæfi nakin. Hann hafi svo spurt hvort hún væri fyrir stelpur líka og svo sagt að hann yrði graður við að horfa á stelpur. [Heiti á Snapchat] hafi svo sagt að honum fyndist gaman að sjá vinkonu dóttur sinnar fróa sér og fá fullnægingu (kl. 12:29). Hann hafi svo haldið áfram og sagt henni að vinkona dóttur sinnar hefði komið upp í rúm til hans, komið við hann og runkað honum (kl. 13:01). Hann hafi sagt við hana að hann vildi ríða henni (kl. 13:54) og spurt hvort henni fyndist skrítið að hann horfði á dóttur sína (kl. 14:42). [Heiti á Snapchat] hafi svo sagt að dóttir hans væri í þröngum bol og sokkabuxum (kl. 14:46),

hún hafi spurt hvort hann væri graður. Hann hafi sagst óska þess að hún væri hjá sér og hún spurt hvað hann myndi gera við sig. Hann hafi sagst myndu „kyssa hálsinn og strjúka þér um allt“, „hægt og rólega“, „færa mig svo neðar og strjúka þér um klofið, nudda þíkuna þína hægt og rólega“, „putta þig líka“ (kl. 15:17). Hann hafi svo spurt hvað hún hafi verið gömul þegar hún hafi byrjað að fikta í sér og brotaþoli svarað „sirka 11 held ég“ (kl. 15:23). Hann hafi spurt hvort hún vildi ríða sér og að hann vildi ekki nota smokk, hvort hún væri á getnaðarvörn en hún svarað neitandi (kl. 15:59). Hann hafi einnig spurt hvort hún færi stundum út án þess að vera í nærbuxum (kl. 16:01). Hann hafi spurt nokkrum sinnum í viðbót hvort hún væri gröð en hún ekki ansað því.

Í niðurlagi skýrslunnar segir að myndirnar sem brotaþoli hafi talað um að [heiti á Snapchat] hafi sent sér hafi ekki fundist í farsíma hennar. Einnig að ekkert annað athugasvert hafi fundist við rannsókn símans sem talið sé tengjast málinu.

Meðal málsgagna er einnig ljósmyndamappa með myndum af hluta þeirra Snapchat-samskipta brotaþola og [heiti á Snapchat] sem að framan er gerð grein fyrir, ásamt myndum af tveimur myndum sem sagðar eru sendar brotaþola af þeim aðila sem hafi verið í samskiptunum, annars vegar andlitsmynd og hins vegar mynd af getnaðarlim.

Í skýrslu lögreglu, dags. 25. september 2025, um nektarmyndir sem ákærði er sagður grunaður um að hafa sent á bæði K og brotaþola má sjá tvær ljósmyndir af getnaðarlim sem sagðar eru hafa fundist við rannsókn málsins. Önnur er þar sögð send af ákærða til K í SMS-samskiptum í apríl 2020, en hin er sögð hafa verið send brotaþola gegnum Snapchat í desember árið 2022 í gegnum aðganginn [notendanafn á Snapchat]. Í niðurlagi skýrslunnar segir að séu myndirnar bornar saman megi sjá augljós líkindi með þeim. Í báðum tilvikum virðist viðkomandi liggja uppi í rúmi með sæng yfir fótum sér og með nærbuxurnar dregnar niður.

Þá liggur og fyrir upplýsingaskýrsla lögreglu frá sama degi hvar lögreglumaður J er sagður hafa haft samband við K. Þar er greint frá því að hún hafi sagst ekki muna notandanafn ákærða á Snapchat og að hafa tekið fram að hafa lokað á samskipti við hann fyrir löngu síðan.

Enn fremur liggur fyrir ódagsett bréf brotaþola, sem greint var frá af réttargæslumanni hennar við aðalmeðferð málsins að ritað hafi verið 19. síðasta mánaðar. Í bréfinu greinir með nánar tilgreindum hætti frá tilfinningum og líðan brotaþola vegna samskiptanna í þeim Snapchat-samskiptum sem sakargiftir lúta að.

Sem fyrr greinir gaf ákærði skýrslur sem sakborningur hjá lögreglu 12. janúar og 27. apríl 2023 og tekin var skýrsla af brotapolu sem vitni í Barnahúsi sama dag og fyrri skýrslugjöf ákærða fór fram, þ.e. 12. janúar 2023. Þá gaf B skýrslu vitnis hjá lögreglu 21. mars 2023 og sams konar skýrslu gaf C 27. sama mánaðar.

## II

Við aðalmeðferð málsins 26. síðasta mánaðar neitaði ákærði sem fyrr greinir sök. Hann kvaðst kannast við forritið Snapchat, en síðast hafa notað það fyrir mörgum árum síðan. Mundi hann ekki eftir notandanafni sínu á forritinu og kvaðst ekki hafa notað það mikið. Þegar virkni þess var kynnt fyrir honum og hann spurður út í hana, þar á meðal að einstaklingar þyrftu að samþykkja hvern annan áður en samskipti hæfust og að talað væri um að adda fólki eða bæta því á vinalistann, kvaðst hann ekki kannast við þessa virkni eða þekkja hvernig forritið virkaði. Hann hafi aftur á móti getað notað það á sínum tíma og svaraði játandi spurningu um hvort forritið hefði „virkað fínt“. Hann kannaðist ekki við þann möguleika að „quickadda“ einhverjum í stað þess að leita að fólki. Kannaðist hann heldur ekki við Snapchat-aðganginn [notandanafn á Snapchat] sem brotapolu hafi verið send vinabeiðni frá, og heldur ekki við heitið [heiti á Snapchat], nema eingöngu við heitið [heiti á Snapchat] úr gögnum málsins. Þá kvaðst hann heldur ekki kannast við notandanafn brotapolu, þ.e. [notandi A á Snapchat], eða við að hafa átt í samskiptum af kynferðislegum toga á Snapchat í byrjun desember árið 2022 og kvaðst enga samskiptamiðla hafa notað á þeim tíma. Hann hafi verið með Facebook árið 2016 eða 2017, en ekki notað þann miðil eftir það þar sem hann hafi glatað lykilorðinu sínu. Kvað hann enga aðra sérstaka ástæðu vera fyrir að hafa hætt þeirri notkun og ekki muna nafnið sem hann hafi notað á Facebook. Tölvupóstfangið hans á þessum tíma hafi verið [netfang X]. Hafi hann verið búinn að nota það tölvupóstfang lengi, en noti það ekki í dag. Einungis hann hafi haft aðgang að tölvupóstfanginu og farsímanum hans. Símanum hafi verið læst með mynstri og kvaðst hann ekki vita til þess að neinn annar hafi kunnað mynstrið.

Þá kannaðist ákærði ekki við myndir af Snapchat-samskiptum á síma brotapolu við notanda með heitið [heiti á Snapchat] sem honum voru sýnd, hvorki við texta samskiptanna né mynd af getnaðarlim. Sagði hann myndina ekki vera af hans getnaðarlim og að myndin bæri þess merki án þess að hann gæti útskýrt það frekar, nema að telja hana ekki geta verið af hans getnaðarlim. Hann þekkti sjálfan sig á hinn bóginn á andlitsmynd úr þessum Snapchat-samskiptum, en kannaðist ekki við að hafa sent þá mynd og gat þess í því samhengi að kannski hafi myndin verið tekin af Facebook árið 2015 eða

2016. Hann hefði aftur á móti ekki hugmynd um af hverju hún hefði komið fram í þessum samskiptum. Þá kannaðist hann heldur ekki við nein þeirra fjögurra daga Snapchat-samskipta sem honum voru sýnd úr gögnum vegna afritunar á síma brotaþola, svokallaðri Extraction Report. Sagði hann ekkert rifjast upp við að sjá samskiptin á milli brotaþola, sem notandans [notandi A á Snapchat], og viðmælandans [notendanafn á Snapchat], [heiti á Snapchat].

Þá var ákærða kynnt, með vísan til skýrslu lögreglu um rannsókn á farsíma hans, dags. 23. september 2025, að Snapchat hefði verið sett upp á símanum 19. júlí 2017 og að tölvupóstfangið hans, [netfang X], hefði verið notað til þess. Hann kvaðst á hinn bóginn ekki muna til þess að hafa sett forritið upp, en kannaðist sem fyrr við tölvupóstfangið. Hann mundi eftir að hafa notað Snapchat, en fyrir óralöngu síðan. Þá rak hann ekki minni til þess hvenær hann hefði eytt forritinu úr símanum. Þá voru sömuleiðis kynntir fyrir honum tveir tölvupóstar sem fjallað væri um í sömu skýrslu, annars vegar frá 18. apríl 2020 og hins vegar frá 2. júlí 2020, sem sendir hefðu verið úr netfanginu [netfang X], og að í þeim báðum væri texti hvar segði: „Add me on Snapchat! Username: [notendanafn á Snapchat] [https://www.snapchat.com/add/\[notendanafn á Snapchat\]](https://www.snapchat.com/add/[notendanafn á Snapchat])“. Kvaðst hann inntur eftir því hvorki muna eftir að hafa boðið fólki á Snapchat í apríl eða júlí 2020 eða geta útskýrt hvers vegna þessir póstar hafi fundist í símanum hans. Kvaðst hann heldur ekki muna hvort hann hafi verið með notandaaðganginn [notendanafn á Snapchat] á Snapchat á sínum tíma og ekki kannast við að hafa sent þessa pósta, hvorki úr netfanginu né úr Snapchat-forritinu sjálfu. Kvaðst hann heldur ekki muna hvort verið geti að hann hafi notað Snapchat þetta ár þannig að þá hafi hann ekki verið búinn að eyða forritinu úr símanum. Kannaðist hann heldur ekki við þriðja tölvupóstinn sem fjallað væri um í sömu skýrslu sem sendur hafi verið úr sama tölvupóstfangi 10. október 2019, eða það netfang sem sá póstur hafi verið sendur á, þ.e. [netfang K]. Ekki heldur efni tölvupóstsins „Snapchat [...]“.

Aðspurður með vísan til sömu skýrslu um samskipti um SMS sem fundist hafi í síma hans á tímabilinu 1. apríl 2020 til 7. sama mánaðar við aðila sem skráður væri í símann hans sem Hallo\* með þar tilgreindu farsímanúmeri, hvar rætt hafi verið um hvort hann væri með Snapchat og svarað hafi verið játandi, auk þess sem meðal annars hafi verið rætt um að þau myndu „adda“ hvort öðru á Snapchat, kvaðst hann ekki kannast við þau SMS-skilaboð og skilaboðin ekki rifjast upp fyrir honum við að sjá þau. Hann kannaðist aftur á móti við að hafa notað SMS-samskipti, en voðalega sjaldan. Kannaðist hann þó

ekki við að hafa gert það í þetta sinn eða að reka minni til þess að hafa séð þessi SMS-samskipti síðar, en greindi í því samhengi frá því að hafa ekki fengið símann sinn afhentan aftur eftir haldlagningu hans. Þá kannaðist hann heldur ekki við að hafa verið í Snapchat-samskiptum við einstakling með aðganginn [notandi K á Snapchat] eins og síðustu SMS-samskiptin sem fundist hafi í síma hans bæru með sér. Enn fremur kvaðst hann aðspurður þar um ekki vilja tjá sig um skýrslu lögreglu, dags. 25. september 2025, sem fjallaði ítarlegar um þessi sömu SMS-samskipti við þennan sama aðila, hvar meðal annars kæmi fram að viðkomandi hétu K. Þá kvaðst hann ekki kannast við tvær ljósmyndir af getnaðarlimum í ljósmyndaskýrslu lögreglu, dags. 25. september 2025. Eftir að vera í kjölfarið boðið að tjá sig um þessa sömu skýrslu, og að hafa verið kynnt að í henni væru bornar saman tvær myndir af getnaðarlimum, annars vegar mynd sem send hafi verið úr farsíma ákærða með SMS-skilaboðum í apríl árið 2020 til K og hins vegar mynd sem send hafi verið til brotþola í gegnum Snapchat í desember 2022 í gegnum aðganginn [notendanafn á Snapchat], og að í skýrslunni væru sögð líkindi með þessum getnaðarlimum, kvaðst hann neita að tjá sig um það. Sömuleiðis um það hvort hann hefði sent þá mynd sem í þessari skýrslu væri sögð hafa verið send K í SMS-samskiptum í apríl 2020 og einnig um það hvort hann hafi notað Snapchat á þeim tíma.

Um hagi sína bar ákærði um að hafa verið giftur í að verða 10 ár og að eiga tvo full-orðna syni sem búi annars staðar. Þá eigi konan hans einn son sem búi hjá föður sínum. Hann vinni hjá [...], kvaðst, vera tæknifatlaður, ekki hafa notast mikið við samfélagsmiðla en skrolli fréttamiðla. Rannsókn málsins hafi haft djöfulleg áhrif á hann og verið honum og konu hans þung byrði. Þá hefði hann sem fyrr greinir ekki fengið síma sinn afhentan frá lögreglu og ekki heldur spjaldtölvu sem haldlögð hafi verið.

Í skýrslugjöf í Barnahúsi 12. janúar 2023 *bar brotþoli* um að einhver gamall karl hefði addað henni á Snapchat og um að hafa talað við hann þegar hún hafi verið með vinum sínum. Hann hafi sagt smá perralega og stressandi hluti. Nafnið hans á Snapchat hafi verið [heiti á Snapchat] en hennar [notandi A á Snapchat], en ekki hafi sést á prófílnum hennar hversu gömul hún hafi verið. Þau hafi spurt hann hvað hann hétu og hann sagst heita [nafn]. Þetta hafi byrjað þegar hún hafi verið í tíma og hún samþykkt þegar hann hafi addað henni. Þegar það hafi komið „nesti“ hafi hún séð að hann hefði sent henni „hæ, model?“ og hún svarað „ég er 08“ og hann sagst vá og meðal annars sagst vera 46 ára ef hún myndi rétt. Þetta hafi gerst áður en hún hafi vistað samskiptin og áður en hún hafi sýnt vini sínum. Þau hafi svo rætt um að „kannski að fokka í honum eitthvað

smá“ og geta síðan blokkað hann seinna. Þau hafi svo talað við hann og hann seinna sagt að hann væri 52 eða 53 ára. Þá hafi hann byrjað að spyrja hana spurninga og nefndi hún spurningu um brjóstastærð. Þá hafi hann sagt henni að hún mætti líka spyrja hann og hún því spurt hann að nafni þar sem hann hafi bara heitið [heiti á Snapchat] á Snapchat og hann svarað fyrrgreindu nafni. Þá hafi hún einnig spurt í hvaða bæ hann byggi, en sagði hún frá því að henni hafi ekki þótt þægilegt að spyrja svona spurninga, sérstaklega ekki einhvern eldri. Svo hafi hún kíkt á símann þegar hún hafi verið að vinna verkefni og séð að eitthvað hafi borist sem hún hafi ákveðið að kíkja síðar á.

Svo í hádegismatnum hafi hann sagst eiga dóttur, sem hann hafi nefnt á nafn, og að finnast hún mjög falleg, heit og sæt, en kvaðst brotþoli í skýrslugjöf sinni ekki muna þetta vel. Hann hafi líka sagt að sér fyndist mjög gaman að horfa á þegar vinkona dóttur hans kæmi og gisti og að horfa á þær fróa sér. Einhvern tímann hafi einhver komið til hans og beðið um að fá að sofa hjá honum sem hafi langað til þess og hann sagt frá því að þau hafi riðið. Þá hafi brotþoli sýnt vinum sínum þetta og þau talað um að sýna lögreglu „eða eitthvað þannig“. Þau hafi spurt eitthvað meira en bara um hann en þau svo rætt að fara með þetta til lögreglu því þetta hafi verið farið að valda henni mjög miklum kvíða. Vinir hennar hafi líka tekið myndir af „tjattinu“ og boðist til að fara með það til lögreglu og hún ekki þurft að fara með sem hún hafi samþykkt. Þegar þeir hafi farið á föstudegi hafi verið lokað hjá lögreglunni og þau beðið þangað til á mánudag og hún gæti farið með. Svo hafi móðir hennar fengið símtal.

Nánar spurð út í upphaf þessara samskipta kvaðst brotþoli hafa tekið eftir því þegar hún hafi verið í fyrsta tíma í skólanum í lok nóvember eða í desember að einhver hefði „addað“ henni á Snapchat og útskýrði hún fyrir spyrslinum í Barnahúsi hvernig það væri gert, sem að þessu sinni hefði verið með quickaddi, en hún og sá sem hafi addað henni hafi enga sameiginlega vini átt. Hann hafi strax spurt hana hvað módel hún væri eða hversu gömul hún væri og í fyrstu hafi hann sagst vera 46 ára. Aðspurð um hvort hann hafi sagt eitthvað um það að hún væri 08 hafi hann talað um mikinn aldursmun og spurt hvort hún vildi áfram tala. Það hafi verið þá sem hún hafi verið með vinum sínum, B og C, og sagt að hún gæti bara alveg blokkað hann seinna. Þeir hafi verið með henni í þessum fyrsta tíma og öllum öðrum, en kvaðst hún halda að þeir hafi ekki alltaf verið með henni þegar hún hafi átt í þessum samskiptum, heldur bara á föstudeginum og smá á mánudeginum. Samskiptin hafi staðið yfir frá föstudagsmorgni, en þar sem lokað hafi verið hjá lögreglunni þann dag kvaðst hún halda að þau hafi endað seinni partinn á

mánudegi. Eftir að hún hafi hætt að svara hafi hún ekki vilja blokka hann ef hún skyldi þurfa samtölin, því þá myndi hann bara hafa þau en ekki hún.

Nánar spurð út í hvers annars hann hafi spurt kvaðst hún ekki muna mikið af því. Þau hafi aldrei hist, en hann hafi talað um að henni myndi líka við það. Þegar hann hafi farið að ræða það hafi hún strax sagt C, vini sínum, að hún myndi ekki fara. Ef hann kæmi á [...] færi hún ekkert út og nefndi í því sambandi einnig [...]. Hann hafi talað um að geta passað hana, en ekkert gert. Hana kvaðst minna að hann hafi viljað hitta hana til að ríða henni „eða eitthvað“ og við það hafi henni liðið frekar óþægilega. Hún hafi ekki beint vitað hvernig hún ætti að svara svo hún hafi bara svarað „haha jájájá“ og greindi spyrlinum í Barnahúsi frá því að henni líði illa við að segja nei við einhvern. Hún gæti það alveg, en liði stundum illa ef hún gerði það. Hann hafi sagst búa í [...] og sagt að dóttir hans væri 14 ára gömul ásamt því að hafa lýst henni á fyrrgreindan máta sem og að finnast gaman að horfa á vinkonuna fróa sér. Hann hafi þó ekki sagt beint hvað vinkonan hét, hafi sagt eitthvað sem hún kvaðst ekki muna eða hvað dóttir hans hét. Hann hafi líka sagt frá því, sem fyrr greinir, að einu sinni hafi vinkonan komið upp í rúm til hans og viljað sofa þar, þau farið að tala saman og svo riðið.

Aðspurð um þær myndir sem hún og vinir hennar hafi tekið af samskiptunum kvaðst hún frekar viss um að vinir hennar hafi eytt þeim eftir að þau hafi farið til lögreglu. Þau hafi tekið myndirnar á fleiri en einn síma, þ.e. síma C og B, en ekki á hennar síma. Þeir hafi sýnt henni myndirnar, og kvaðst hún muna vel eftir þeim, og kvaðst líka muna eftir umræðum þeirra um að eyða þeim og því þegar þeim hafi verið eytt. Myndirnar hafi verið tvær, ein andlitsmynd og ein typpamynd. Hann hafi sent andlitsmynd þar sem hún hafi spurt hvort hún mætti sjá hvernig hann liti út, en hún kvaðst ekki muna hvers vegna hann hafi sent hina myndina. Hún sjálf hafi sent honum tvær myndir sem sýnt hafi andlit hennar og kannski axlirnar og að hún væri í bol, um það bil frá olnboga og upp. Kannski hafi sést niður að hnjám á einni mynd þar sem síminn hafi verið fyrir andliti hennar og að baki hafi sést í vin hennar, en samt ekki í andlit hans. Á þeirri mynd hafi hún klæðst rúllukragabol og bol yfir og einhverjum buxum eða stuttbuxum. Hún ætti ekki til þær myndir sem hún hefði sent honum. Henni hafi liðið skringilega á meðan þessum samskiptum hafi staðið, kannski verið í smá sjokki. Einnig hafi henni liðið skringilega vegna þessa við skýrslugjöfina í Barnahúsi, en lýsti því einnig þannig að líða „ekkert sérstaklega um þetta“. Bar hún um að samskipti þeirra hafi verið textaskilaboð og þessar myndir verið sendar á Snapchat, en engin hljóðskilaboð hafi verið send. Þá kvaðst hún ekki vita

til þess að hann hafi verið í samskiptum við aðra og þá hafi hún ekki verið í sams konar samskiptum við aðra. Þetta hafi verið eina skiptið sem hún hafi átt í svona samskiptum. Samskiptunum hafi hún eytt áður en þau vinirnir hafi farið til lögreglu.

Við aðalmeðferð málsins 26. síðasta mánaðar greindi *B* svo frá Snapchat-samskiptum vinkonu sinnar, brotaþola, í byrjun desember 2022 að hún hafi sagt þeim *C* að einhver maður væri að tala við hana þegar þau þrjú hafi verið í skólanum. Þau þrjú hafi svo „tjattað“ við hann. Þau hafi ekki vitað mikið um manninn og því hafi þeir *C* reynt að finna eitthvað meira um hann og að athuga hvort hann hefði meitt fleiri krakka. Þetta hafi verið á skólatíma og á endanum hafi hann sagt þeim sögu af dóttur sinni og hafi hann einnig sent þeim typpamynd. Brotaþoli hafi verið dálítið hrædd við að fara til lögreglunnar, en hann sjálfur ýtt á hana að gera það. Þau hafi ákveðið að taka bara myndir af textanum sem þau hafi endað á að senda til lögreglu. Kvaðst hann halda að *C* hafi gert það. Á endanum hafi þau þrjú farið til lögreglu en þar sem lokað hafi verið hafi þau þurft að bíða fram á mánudag með að fara aftur til lögreglunnar.

Kvaðst hann ekki muna notandanafn viðmælandans á Snapchat, en þó að það hefði verið einhverjar tölur og númer, ekkert persónulegt. Eftir að honum var sýnd mynd af samskiptunum staðfesti hann að muna að notandanafnið hefði verið [heiti á Snapchat]. Kvaðst hann halda að samskiptin hefðu byrjað með því að hann hafi addað henni í quickkadd og byrjað að tala við hana. Hún hafi sýnt þeim það. Aðspurður um hvað *B* ætti við með að viðmælandinn hefði meitt krakka bar hann um að viðmælandinn hefði sagt að vinkona dóttur hans hefði komið og gist hjá þeim og svo haldi hann að hún hafi komið upp í rúm til hans. Hann hafi sagt frá því að þau hafi gert eitthvað saman. Þá bar *B* aðspurður um að viðmælandinn hefði sent bæði andlitsmynd og typpamynd og að hafa séð báðar þær myndir. Hann hélt að þau sjálf hefðu sent tvær eða þrjár myndir sem bara hafi sýnt andlit brotaþola en ekki nekt.

Aðspurður um hvort maðurinn hafi vitað hversu gömul brotaþoli hafi verið og hvort þau hafi talað um aldur svaraði *B* játandi, en gat þess í því samhengi að hann myndi það ekki alveg, en þó halda það þar sem hann hafi farið að tala um ungu stelpuna sína, þ.e. dóttur sína, og hvað hann vildi gera við hana. Kvaðst *B* svo halda að brotaþoli hafi sagt viðmælandanum hvað hún væri gömul áður en þeir *C* hafi komið að samskiptunum. Í fyrstu hafi viðmælandinn sagt að hann væri um 40 til 50 ára gamall, en síðar sagst vera eldri. Kvaðst hann ekki hafa þekkt ákærða á andlitsmyndinni, en hann sagst heita [nafn] þegar þau hafi verið í textasamskiptum við hann. Svo hafi hann heyrt það nú fyrir dómi

að það væri ekki hans rétta nafn. Hann hafi aldrei hitt viðkomandi og þekkti hann ekki. Þau brotaþoli hafi aftur á móti þekkt lengi, verið skólasystkini og séu vinir í dag. Brotaþoli hafi ekki verið „ótrúlega“ hrædd, en hún haldið að þessi maður myndi finna hana og koma um þessa helgi. Henni hafi liðið óþægilega og hafi þeir C verið tilbúnir að fara með „þetta til löggunnar sjálfir“. Í dag tali þau ekki um þetta en kvaðst hann upplifa það þannig að í dag væri brotaþoli andlega sterkari.

Þegar þau hafi komið á lögreglustöð hafi þau sýnt myndir af síma C sem teknar hafi verið af síma brotaþola og útskýrði B að hefðu þau tekið skjáskot á Snapchat hefði viðmælandinn vitað af því. Typpamyndin hafi samt verið á hans síma þar sem C hafi ekki viljað hafa slíka mynd á sínum síma. Hann sjálfur hafi svo eytt þeirri mynd eftir að þau hafi farið til lögreglu þar sem hann hafi heldur ekki hafa viljað hafa myndina á sínum síma. Lögregla hafi ekki tekið símann hans í skoðun. Þeim hafi þótt það „stórt“ þegar þau hafi fengið mynd af andliti viðmælandans.

Þegar B voru sýndar fyrirbyggjandi myndir af Snapchat-samskiptum við [heiti á Snapchat] staðfesti hann að hann væri að tala um þau samskipti og kvaðst halda að myndirnar væru af samskiptunum úr síma C, en ekki úr sínum síma. Er honum var sýnd mynd af fyrirbyggjandi andlitsmynd staðfesti hann að þetta hafi verið andlitsmyndin sem hafi verið borist í Snapchat-samskiptunum og halda að C hafi tekið hana. Þá kannaðist hann einnig við fyrirbyggjandi mynd af typpamynd sem einnig hafi borist í samskiptunum og að hann hafi tekið mynd af myndinni á sinn síma. Hann hafi sent myndina á C svo hann gæti sent allt í einum pósti á lögreglu. Staðfesti B einnig að hafa farið í skýrslugjöf hjá lögreglu 21. mars 2023 og að hafa þá reynt að segja frá öllu sem hann hafi munað. Þá hafi verið styttra liðið frá atvikum og hann því örugglega munað þetta betur þá, þar á meðal litlu hlutina.

Fyrir dómi kvaðst vin brotaþola, C, minna að Snapchat-samskipti þau sem um ræðir hafi byrjað á því að viðmælandi brotaþola hafi addað henni á Snapchat og hún honum til baka. Svo hafi þau skipst á aldri, en kvaðst hann ekki muna hversu gamall viðmælandinn hefði sagst vera, en það hafi allavega verið yfir þrítugt. Viðmælandanum hafi ekki fundist það skipta máli að brotaþoli væri undir lögaldri. Þau hafi svo skipst á myndum til að sýna hvernig þau litu út og hafi honum sagst líka vel við brotaþola, að hún væri mjög sæt og eitthvað. Þau hafi bæði sent andlitsmyndir. Þá hafi viðmælandinn líka sent nektarmynd af sér og sagst stunda kynlíf með dóttur sinni, sem væri líka undir lögaldri. Nektarmyndin

hafi verið af typpinu á honum, en kvaðst C ekki vita til þess að brotaþoli hafi sent aðrar myndir af sér en af andliti.

Samskiptin hafi verið á Snapchat og kvaðst C minna að notandanafn viðkomandi hafi verið „[heiti á Snapchat] eitthvað“. Þau hafi verið í skólanum þegar samskiptin hafi farið fram, en líka utan skóla. Kvaðst hann minna að brotaþoli hafi látið sig vita af samskiptunum eftir að viðmælandinn hefði addað henni, þegar hann hefði verið búinn að segja henni að hann væri meira en þrítugur. Hún hafi sýnt þeim að þau hafi verið búin að tala aðeins saman og svo hafi samskiptin haldið áfram. Brotaþoli hafi aðallega átt í samskiptunum en þeir hafi fylgst með, til að passa að „þetta færi ekkert yfir línuna eða eitthvað svoleiðis“. Samskiptin hafi verið yfir þennan dag og kvaðst hann minna að þau hafi alla-vega náð fram yfir eina helgi. Hélt hann að þeim hefði lokið þegar brotaþoli og þeir B hefðu farið til lögreglunnar og verið sagt að henda honum út. Þau hafi farið til lögreglu á föstudegi þegar viðmælandinn hafi sent nektarmyndina, en þá hafi verið lokað. Þau hafi ekki vitað að þau gætu hringt á neyðarlínuna svo þau hafi farið aftur á mánudeginum. Þau hafi öll sýnt lögreglu myndir af samskiptunum sem hann héldi að hafi verið dreifð í síma þeirra allra. Þau hafi tekið myndir af samskiptunum því hann hefði orðið var við það ef þau hefðu tekið skjáskot af þeim. Greindi C nánar aðspurður frá því að hann hefði tekið myndir af samskiptunum og líka af myndunum sem ákærði hafi sent. Þegar honum voru sýnar fyrirliggjandi myndir af samskiptunum kvaðst hann kannast við aðgangsnafnið [heiti á Snapchat] og einnig við myndir af þeim myndum sem brotaþoli hafi fengið sendar í samskiptunum. Kannaðist hann við að hafa tekið mynd af andlitsmyndinni, en var ekki viss um hvort hann sjálfur eða B hefði tekið mynd af typpamyndinni sem brotaþoli hafi fengið senda. Nánar aðspurður með vísan til framburðar B um að hann hefði sagst hafa tekið mynd af typpamyndinni kvað hann annan hvorn þeirra hafa tekið þá mynd, en ekki vera alveg viss hvor þeirra. Hann væri á hinn bóginn alveg viss um að hafa sjálfur tekið mynd af textaskilaboðunum og andlitsmyndinni. Hann sjálfur hafi afhent lögreglu myndirnar. Hann kvaðst ekki hafa þekkt manninn á andlitsmyndinni sem brotaþoli hafi fengið senda. Í dag muni hann ekki nafnið á honum, en hann hafi verið með falsað nafn í samskiptunum.

Kvaðst hann ekki geta sagt til um það hvernig brotaþola hafi liðið á meðan á þessu hafi staðið, en honum hafi þó fundist sem henni hafi ekki liðið neitt rosalega vel og halda að þetta hafi verið óþægilegt. Þau brotaþoli hafi verið vinir síðan í 8. eða 9. bekk. Þá

staðfesti hann að hafa gefið skýrslu hjá lögreglu við rannsókn málsins er sú skýrsla var borin undir hann og kvaðst telja sig hafa sagt satt og rétt frá í þeirri skýrslugjöf.

Við aðalmeðferð málsins staðfesti *lögreglumaður M* að hafa unnið skýrslu, dags. 23. september 2025, um afritun gagna af farsíma ákærða af tegundinni Samsung Galaxy A32, sem rakin hefur verið í meginatriðum í kafla I dómsins. Staðfesti hún að rannsókn á símanum hafi leitt í ljós að Snapchat hafi verið sett upp á símanum og að netfangið [netfang X] hafi verið notað til að hlaða forritinu niður í símann. Unnt sé að vita að forritinu hafi verið hlaðið niður í símann í gegnum það netfang þar sem Google Play aðgangur hafi verið tengdur netfanginu og að sá aðgangur hafi verið notaður til þessa. Einnig að forritinu hefði verið eytt er síminn hafi verið rannsakaður. Rannsóknin á honum hafi allavega leitt í ljós að Snapchat hafi verið á símanum árið 2017, en þegar búið sé að eyða forritinu sjáist engin notkun þess í afriti, svo sem verið hafi í þessu tilviki, eða nokkur saga þess. Þannig sé hvorki unnt að staðfesta neina notkun forritsins í símanum eftir 2. júlí 2020 né að vita hvenær því hafi verið eytt þaðan. Nánar aðspurð bar lögreglumaðurinn um að hafi þessu forriti verið eytt fyrir þann tíma sem síminn hafi verið afritaður sé oftast ekki mögulegt að finna neitt um notkun þess. Að lágmarki sjáist ekki um það í símanum og þar sem það hafi verið sett upp í honum árið 2017, þá gefi það til kynna að því hafi verið eytt eftir þann tíma. Aðspurð um af hverju samskipti fyndust á hinn bóginn í síma brotaþola kvað hún það vera þar sem samskiptunum eða forritinu hefði ekki verið eytt úr þeim síma.

Þá var farið yfir það að í skýrslu lögreglumannsins greindi frá því að þrír tölvupóstar hefðu fundist við rannsókn símans, eins og þeir birtist í Extraction Report 2 sem sendir hafi verið úr tölvupóstfanginu [netfang X], þar af einn 18. apríl 2020 og annar 2. júlí 2020. Aðspurð kvað lögreglumaðurinn það mjög líklegt miðað við þessa tölvupósta að ákærði hafi notast við Snapchat. Hægt væri að deila Snapchat-aðgangi með öðrum, meðal annars í gegnum tölvupóst. Þegar sá möguleiki væri valinn kæmi fram staðlaður tölvupóstur frá því netfangi sem Snapchat-aðgangur viðkomandi væri tengdur. Tölvupóstarnir gæfu því til kynna að netfangið væri eða hefði verið tengt Snapchat-aðganginum [notendanafn á Snapchat]. Þar sem þetta hafi gerst árið 2020 gæfi það einnig til kynna að viðkomandi hafi notað Snapchat á þeim tíma.

Fyrir dómi staðfesti *lögreglumaður J* að hafa unnið þrjár skýrslur, dags. 25. september 2025, upplýsingaskýrslu um samskipti og nektarmyndir, ljósmyndaskýrslu

um tvær myndir af getnaðarlimum og upplýsingaskýrslu vegna samskipta við K um SMS-samskipti.

Bar hann um það við aðalmeðferðina að mikil líkindi væru með getnaðarlimum á tveimur myndum í skýrslunni um samskipti og nektarmyndir, annars vegar lims á mynd sem send hafi verið í SMS-samskiptum til K í apríl árið 2020 og hins vegar lims á mynd sem send hafi verið brotþola í gegnum Snapchat í desember árið 2022. Rökstuddi hann mat sitt á líkindunum með vísan til uppsetningar myndanna, þar sem viðkomandi lægi með buxurnar dregnar niður, og þess að limirnir á myndunum væru líkir. Þá bar hann einnig um það með vísan til upplýsingaskýrslu þar um að K hefði verið hissa þegar hann hefði hringt í hana og stressast mikið upp, án þess að hann vissi af hverju. Hún hafi sagst aldrei hafa hitt ákærða, greint frá því að muna ekki notandanafn hans á Snapchat eða hvort hún hafi verið í samskiptum við hann á því forriti.

Hann staðfesti einnig undirritun sína á skýrslu um líkamsskoðun á ákærða, dags. 26. apríl 2023. Kvaðst hann ekki sjá líkindi á milli myndar af getnaðarlim ákærða sem tekin hefði verið við þá skoðun og þeirra mynda sem sendar hefðu verið í SMS-skilaboðum og á Snapchat, en gat þess að aðstæður væru öðruvísi, þar á meðal væri limir í reisin á þeim myndum sem sendar hefðu verið á Snapchat og í SMS, en ekki limur ákærða í líkamsskoðuninni. Þá bar hann um að lögregla hafi ekki séð nein greinanleg auðkenni við líkamsskoðun ákærða sem tengt gætu hann við þær myndir sem sendar hafi verið í SMS-samskiptum til K og til brotþola í Snapchat-samskiptum. Nánar spurður hvort líkindi væru með líkömum á myndinni úr líkamsskoðun ákærða og svo myndunum tveimur sem sendar hefðu verið kvaðst honum finnast erfitt að segja til um það vegna gæða myndanna sem sendar hefðu verið, en að viðkomandi væri þó loðinn á maganum. Kannski væru líkindi um hárvöxt og húðlit.

Þá rak lögreglumanninn ekki minni til þess af hverju sá sími hafi ekki verið speglaður sem notaður hafi verið til að taka mynd af mynd getnaðarlims á síma brotþola og því ekki geta svarað því.

Við aðalmeðferðina staðfesti *sérfræðingur lögreglu N* að hafa unnið skýrslu, dags. 7. febrúar 2023, um afritun gagna af spjaldtölvu ákærða af gerðinni Samsung Galaxy Tab A og að ekkert athugavert hafi fundist við rannsókn tölvunnar.

Staðfesti hún einnig efni skýrslu, dags. 9. sama mánaðar, um afritun gagna af farsíma brotþola og að hafa unnið skýrsluna. Fram hafi komið umfangsmikil Snapchat-samskipti brotþola í byrjun desember 2022. Þá var kynnt fyrir sérfræðingnum, með

vísan til þess að í þeirri skýrslu segi að myndir sem brotþola hafi verið sendar hafi ekki fundist í símanum og að í skýrslunni sé talað um eina myndsendingu, þ.e. eftir að [heiti á Snapchat] hafi spurt hvort hún gæti fíktað í sér og þá sent henni mynd, að miðað við samtalið sé það trúlega typpamyndin sem hann hafi sent. Kvaðst sérfræðingurinn ekki muna til þess að henni hafi verið send mynd á einhverjum öðrum tímamarki, en hún hafi ekki farið yfir „reportið“ sjálf. Hún hefði tekið það fram ef það hefðu verið fleiri myndsendingar og því haldi hún að það hafi einungis verið þessi eina myndsending. Þá var farið yfir með sérfræðingunum að í skýrslunni væri fullyrt að það hafi verið send mynd þrátt fyrir að myndirnar hafi ekki fundist og hún spurð hvort það sæist að myndsending hafi átt sér stað þrátt fyrir að mynd væri ekki til staðar. Lýsti sérfræðingurinn þá að það kæmi svona „file sent“. Þar sem þetta væri Snapchat, þá hyrfi það en samt sæjust leifar af því. Því passi að það hafi bara verið þessi eina myndsending.

Þá var farið yfir gagnið Extraction Report með sérfræðingnum hvar sjá má þau samskipti sem afrituð hafa verið úr síma brotþola af umræddum Snapchat-samskiptum. Í þessari útgáfu samskiptanna birtist skilaboð frá brotþola í grænum dálkum og skilaboð frá [heiti á Snapchat] í bláum dálkum. Neðst í dálkinum sé tímasetning þess þegar skilaboð eru send og svo sé „read“ til marks um það þegar skilaboð eru opnuð af viðtakanda. Þegar farið var í gegnum Snapchat-samskiptin í Extraction Report með sérfræðingnum á dómþingi og hún beðin um að staðsetja þær myndsendingar kvaðst hún ekki geta það með vísan til neins sem væri merkjanlegt í gagninu í kringum tímasetninguna 12:24, líkt og fram kæmi í fyrrgreindri skýrslu hennar, en miðað við textasamskiptin hafi mynd verið send um það leyti. Vísaði sérfræðingurinn í því tilliti til þess að mynd hverfi þar sem þetta sé Snapchat og því komi ekki alltaf eitthvað fram til marks um það að mynd hafi verið send. Hefði brotþoli vistað myndsendinguna ætti það aftur á móti að sjást. Misjafnt sé hvort hægt sé að sjá það á Extraction Report, sem komi út úr afritun, hvort myndir hafi verið sendar eða ekki, en það sé ekki hægt á fyrirliggjandi Extraction Report.

Aðspurð um hvort það gæti haft áhrif í þessu tilliti ef mynd hefði verið eytt úr greindi sérfræðingurinn frá því að það ætti ekki hafa áhrif nema að brotþoli hafi gert það. Kvað hún fyrirliggjandi „x“ merkingu í skilaboðum í Extraction Report vera til marks um að einhverju hafi verið eytt. Aðspurð um hvort það þurfi að eyða mynd sérstaklega með vísan til þess að þetta sé forritið Snapchat bar hún um að Snapchat væri hægt að stilla þannig að það héldi skilaboðum, en kvaðst ekki vita hvernig brotþoli hafi stillt forritið

hjá sér og geti því ekki staðfest að brotþoli hafi sérstaklega eytt skilaboðum, en „x“ merkingin þýði að þeim hafi verið eytt.

Aðspurð um Snapchat-forritið og myndsendingar á því forriti staðfesti hún að annars vegar væri hægt að senda mynd sem tekin væri á Snapchat sem færi þá til viðtakandans og væri þar í tíu sekúndur og lokaðist í kjölfarið og ekki væri hægt að opna hana aftur og hins vegar væri hægt að senda hvaða mynd sem væri úr síma viðkomandi í „tjattinu“. Það gæti verið mynd tekin hvaðan sem væri án þess að vera tekin á viðkomandi síma. Ekki sæist hvort myndir væru teknar á Snapchat-forritinu eða úr myndaalbúmi. Myndir sendar með Snapchat komi ekki fram á ólíkan hátt í Extraction Report eftir því hvort þær verði til í Snapchat eða eru teknar úr myndaalbúmi símans. Staðfesti hún þannig að ekki væri heldur hægt að sannreyna hvenær mynd væri tekin. Mynd þurfi sérstaklega að vista í Snapchat-samskiptum, jafnvel þó svo að stilling forritsins í síma viðkomandi sé þannig að textasamskipti séu vistuð.

### III

Í máli þessu er ákærða, X, gefið að sök brot gegn blygðunarsemi og barnaverndarlögum með því að hafa á tímabilinu 2.–5. desember 2022 viðhaft kynferðislegt tal við brotþola sem þá hafi verið 13 ára gömul og að senda henni mynd af getnaðarlim, allt í gegnum einkaskilaboð á samskiptamiðlinum Snapchat, og að hafa með því sýnt henni ósiðlegt athæfi og hafi háttsemin jafnframt verið til þess fallin að særa blygðunarsemi hennar.

Ákærði hafnar verknaðarlýsingu ákæru, neitar því að hafa viðhaft nokkra slíka háttsemi og hefur borið um það, bæði í skýrslugjöfum á rannsóknarstigi og fyrir dómi, að hafa ekki notað Snapchat í mörg ár og samfélagsmiðla lítið. Ekki sé hafið yfir skynsamlegan vafa að hann hafi staðið að baki þeim skilaboðum sem send hafi verið af Snapchat-aðganginum [notendanafn á Snapchat]. Þær myndir sem brotþoli hafi sagst hafa fengið sendar hafi ekki fundist í síma hennar, hvorki andlitsmynd né mynd af getnaðarlim, og séu teknar á síma annars einstaklings, hvers sími hafi ekki verið rannsakaður. Andlitsmyndin sé af ákærða, en um sé að ræða gamla mynd af Facebook-aðgangi sem hver sem er gæti hafa nálgast. Ekki sé unnt að slá því föstu miðað við málgögn að myndirnar tvær hafi verið sendar frá Snapchat-aðganginum [notendanafn á Snapchat]. Það ætti að teljast óyggjandi sönnun þess að ákærði hafi ekki sent Snapchat-skilaboðin að engin merki séu um notkun Snapchat í hans tækjum eftir 2. júlí 2020. Almennt séu netsvik vaxandi vandamál og ekki útilokað að einhver annar en ákærði hafi

haft aðgang að þessum Snapchat-aðgangi, hafi hann yfir höfuð sjálfur einhvern tímann haft slíkan aðgang.

Þá er rannsókn málsins áttalin af hálfu ákærða þar sem ekki verði betur séð en að lögregla hafi verið búin að ákveða frá upphafi að ákærði hafi staðið að brotinu. Ekki verði séð að lögregla og ákærvald hafi fylgt ákvæðum 3. mgr. 18. gr., 53. gr. og 54. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, sem miði að því að sannleikurinn komi í ljós og jafnt sé gætt að þeim atriðum sem horfi til sýknu og sektar. Engra gagna hafi verið aflað um mögulegt sakleysi ákærða, þar á meðal frá samfélagsmiðlinum Snapchat um gerð og staðsetningu þess tækis sem umrædd skilaboð hafi verið send úr, símar vina brotþola hafi ekki verið rannsakaðir um uppruna textaskilaboðanna og myndanna og þá hafi niðurlægjandi líkamsskoðun ákærða engum tilgangi þjónað, en hún hafi valdið honum vanlíðan. Enn fremur hafi gögn málsins um SMS-samskipti sem fundist hafi í síma ákærða, og skýrsla um samanburð tveggja mynda af getnaðarlimum ekki tengsl við sakarefni málsins eða sönnunargildi í því. Verulegar athugasemdir séu gerðar við framlagningu þeirra gagna, sem séu lagðar í sönnunarmat dómsins.

Við mat á sönnun horfir dómurinn meðal annars til þeirrar meginreglu 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og 2. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu að hver sá sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi skuli talinn saklaus þar til sekt hans hafi verið sönnuð. Er þá einnig sem endranær haft hugfast að samkvæmt 108. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála hvílir sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik, sem telja má honum í óhag, á ákærvaldinu. Samkvæmt 1. mgr. 109. gr. sömu laga metur dómari hverju sinni hvort nægileg sönnun, sem ekki verði vefngd með skynsamlegum rökum, sé fram komin um hvert það atriði sem varðar sekt ákærða, þar á meðal hvaða sönnunargildi skýrslur ákærða og vitna hafi, sem og skjöl og önnur sönnunargögn. Enn fremur á grunni 2. mgr. sama lagaákvæðis, ef þörf krefur, hvert sönnunargildi þær staðhæfingar hafa sem varða ekki beinlínis það atriði sem sanna skal en ályktanir má leiða af um það. Þá mælir fyrir um það í 1. mgr. 111. gr. laganna að dómur skuli reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi.

Einnig er til þess að líta að samkvæmt 115. gr. sömu laga metur dómari sönnunargildi framburðar ákærða, þar á meðal trúverðugleika hans, við úrlausn máls. Í því sambandi skal meðal annars hugað að ástandi og hegðun ákærða við skýrslugjöf og stöðugleika í frásögn hans. Jafnframt metur dómari sönnunargildi vitnisburða við úrlausn máls og geta skýrslur vitna, sem ekki hafa skynjað atvik af eigin raun, haft þýðingu að því marki að

unnt sé að draga ályktanir um sakarefnið af framburði þeirra. Við mat á vitnisburðum skal meðal annars hugað að afstöðu vitnis til ákærða, hagsmunum vitnis af málsúrslitum, þroska þess, áreiðanleika skynjunar þess á atvikum, minni, ástandi og hegðun þess við skýrslugjöf, öryggi þess og skýrleika í svörum og samræmi í frásögn, sbr. 126. gr. lagaanna. Þá hefur einnig verið lagt til grundvallar í dómaframkvæmd að þegar framburður ákærða eða brotaþola er metinn verði og að huga að innra samræmi framburðar, bæði fyrir dómi og hjá lögreglu, með tilliti til þess hvort mótsagna gæti í frásögn. Samhliða verður að kanna ytra samræmi framburðar sem beinist að því að virða hann í ljósi annarra upplýsinga sem komið hafi fram við málsmeðferð, þar með talinn framburð annarra. Á þessum grunni er metið hvort framburður er trúverðugur og hvaða áhrif það hefur með tilliti til annarra sönnunargagna.

Málsatvik eru samkvæmt því sem fram er komið um mörg meginatriði upplýst. Af framburði brotaþola, vina hennar B og C, þeim gögnum sem birtast í Extraction Report um rannsókn á síma brotaþola og á þeim myndum sem í ljós þykir leitt að C og B hafi tekið af Snapchat-samskiptum brotaþola sem á þeim tíma voru vistuð í síma hennar, þykir sannað að brotaþola hafi á tímabilinu 2.–5. desember 2022 verið send einkaskilaboð er hún var 13 ára gömul á Snapchat frá notanda þess samskiptamiðils sem skráður var sem [notendanafn á Snapchat] og birtist henni sem [heiti á Snapchat]. Ekkert er fram komið sem rýrt þykir geta trúverðugleika framburða ungmennanna þriggja um að brotaþola hafi verið sendar tvær myndir í þessum samskiptum, þar af annars vegar andlitsmynd af ákærða og hins vegar mynd af getnaðarlim. Samsvörun er í framburðum allra þriggja að þessu leyti og stuðningur af öðrum gögnum málsins. Þannig bera báðar myndirnar af þessum myndum með sér að vera teknar hvar þær birtist á símaskjá í Snapchat-samskiptum þeim er sakargiftir lúta að og ungmennin hafa greint frá. Enn fremur fær það stoð í samhengi textasamskiptanna í fyrrgreindum afritunargögnum og framburði sérfræðings lögreglu fyrir dómi um hvað verður ráðið af þeim gögnum um myndsendingarnar. Þá er ekkert fram komið sem bent þykir geta til þess að myndirnar, sem vinir brotaþola tóku samkvæmt framanrituðu, þar af C af andlitsmynd í Snapchat-samskiptunum í síma brotaþola, og B af getnaðarlim í þeim samskiptum, eigi annan uppruna en úr tédum Snapchat-samskiptum eða að möguleg frekari rannsókn lögreglu hefði getað leitt annað í ljós.

Enn fremur bar brotaþoli um það í skýrslugjöf í Barnahúsi að viðmælandinn hafi fengið upplýsingar um aldur hennar, þ.e. „ég er 08“ áður en hún hafi vistað Snapchat-

samskiptin og áður en hún hafi sýnt öðrum. Er það í samræmi við framburð B hjá lögreglu og fyrir dómi um að brotþoli hafi greint viðmælandanum frá aldri sínum. Sækir það sér sömuleiðis stuðning í framburð C hjá lögreglu um að „þau“ hafi tjáð viðmælandanum það, en C var ekki spurður nákvæmlega að þessu leyti fyrir dómi. Í þessu tilliti, en einnig að virtum efnistöfum síðari samskipta brotþola og viðmælandans, sem liggja skrifleg fyrir, hvar þau meðal annars ræða aldursmun, þykir sannað að viðmælandanum hafi verið kunnugt um aldur brotþola er samskipti þeirra áttu sér stað.

Andspænis framangreindu kannast ákærði, sem fyrr greinir, ekki við að hafa átt í þeim samskiptum við brotþola á Snapchat sem hann er sakaður um. Hvort tveggja fyrir dómi og í skýrslugjöfum hans á rannsóknarstigi árla árs 2023 bar hann um að hafa notað Snapchat, en síðast fyrir mörgum árum. Í skýrslugjöf hjá lögreglu, 12. janúar 2023, nefndi hann í því sambandi fyrir fimm, sex eða sjö árum, án þess að muna það, þótt hann teldi það hafa verið um 2017, og ekki vera með forritið í símanum. Þá bar hann og um að hafa heyrt af þeim möguleika að nota quickkadd til að finna fólk á Snapchat í „fréttum og svona“, en þekkti ekki mikið til virkni Snapchat er hann var spurður þar um fyrir dómi. Kannaðist hann í þessari fyrri skýrslugjöf hjá lögreglu ekki við Snapchat-aðganginn [notendanafn á Snapchat], skjáheitið [heiti á Snapchat], eða Snapchat-aðgang brotþola, þ.e. [notandi A á Snapchat], frekar en í síðari skýrslugjöf sinni á rannsóknarstigi eða fyrir dómi. Þá hefur hann ekki í neinni skýrslugjafa sinna getað upplýst um notandaupplýsingar sínar á Snapchat frá þeim tíma er hann hafi verið notandi. Hefur hann einnig í öllum tilvikum sagt andlistmyndina vera af sér og telja hana vera frá þeim tíma sem hann hafi verið með Facebook, en hefur ávallt hafnað því að mynd af getnaðarlim sé tekin af honum eða að hafa sent þá mynd.

Í skýrslugjöf hjá lögreglu 27. apríl 2023, eftir rannsókn á farsíma hans og spjalddölvu, staðfesti ákærði að vera með tölvupóstfangið [netfang X] og sagðist ekki vita til þess að annar hefði aðgang að tölvupóstinum hans. Bar hann á sömu lund fyrir dómi, en kvaðst þá hættur að nota það tölvupóstfang. Þá bar hann um það í þessari skýrslugjöf hjá lögreglu, líkt og fyrir dómi, að síminn hans væri læstur með mynstri, og að eingöngu hann hefði aðgang að honum, en bæði hann og eiginkona hans, I, notuðu spjalddölvuna. Hvorki í þessari skýrslugjöf hjá lögreglu né fyrir dómi kannaðist hann á hinn bóginn við þá tvo tölvupósta sem sendir hefðu verið úr því tölvupóstfangi í apríl og júlí 2020 og fundust við rannsókn á síma hans, hvar segir: Add me on Snapchat! Username: [notendanafn á Snapchat] <https://www.snapchat.com>. Þá hefur ákærði neitað að tjá sig um SMS-

samskipti við K sem fundust við rannsókn á síma hans og bera með sér að vera frá fyrstu dögum aprílmánaðar árið 2020 þar sem meðal annars er rætt um að samskiptin verði færð yfir á Snapchat sem báðir viðmælendur séu með. Hefur hann heldur ekki tjáð sig um mynd sem rannsókn lögreglu ber með sér að send hafi verið sama viðmælanda í þessum SMS-samskiptum af getnaðarlim eða samanburð lögreglu á myndinni og þeirri er sakargiftir lúta öðrum þræði að.

Við mat á því hvort ákærði er sá maður sem átti í þeim samskiptum við brotþola á Snapchat í desemberbyrjun árið 2022 og ákært er fyrir er til þess að líta að samkvæmt því sem rakið er að framan þykir sannað að andlitsmynd af ákærða hafi verið send brotþola í þeim Snapchat-samskiptum. Þá hefur ákærði og borið um að hafa notað samskiptamiðilinn, þó svo að hann hafi verið hættur því fyrir einhverju síðan, og hefur í þeim efnunum greint frá síðustu notkun sinni á miðlinum fyrir mörgum árum, um 2017, án þess að nefna nákvæma tímasetningu. Einnig er til þess að líta að rannsókn lögreglu á farsíma hans hefur leitt í ljós að forritið var sótt að kvöldi 19. júlí það ár með Google Play aðgangi sem tengdur var netfangi ákærða, [netfang X]. Sömuleiðis að tvívegis árið 2020 hafi verið sendir tölvupóstar til ótilgreindra viðtakenda frá því netfangi sem bera með sér vinabeiðni á Snapchat hvar aðgangurinn [notendanafn á Snapchat] var tilgreindur, en ákærði kannast ekki við að aðrir hafi haft aðgang að tölvupósti hans eða síma. Þó svo að sakargiftir málsins lúti ekki að notkun forritsins á því ári renna þessi gögn að mati dómsins stoðum undir það að hann hafi notað Snapchat lengur en hann hefur borið um. Rýrir það sem því nemur trúverðugleika frásagnar ákærða um notkun miðilsins, sbr. 115. gr. laga nr. 88/2008, sem hafið þykir yfir skynsamlegan vafa að staðið hafi lengur en ákærði vill kannast við. Enn fremur er á sama grunni, og með vísan til þeirra upplýsinga sem fram koma í þessum gögnum, talin ótrúverðug frásögn hans um að kannast ekki við Snapchat-aðganginn [notendanafn á Snapchat] eða virkni miðilsins, þar á meðal um hvernig unnt sé að afla sér „vina“ með því að notast við hið svokallað quickadd, sem hann bar í fyrri skýrslutöku hjá lögreglu um að hafa heyrt af í „fréttum og svona“. Aukinheldur verður notkun hans á miðlinum einnig ráðin af fyrrgreindum SMS-samskiptum þetta ár, án þess að efni þyki til frekara mats á þeim eða fyrrgreindum samanburði lögreglu á myndum. Þá er og höfð hliðsjón af skýrum framburði lögreglumanns M fyrir dómi um að ekki finnst ummerki um notkun Snapchat í síma eftir að samskiptum eða forritinu hefur verið eytt úr síma viðkomandi. Liggja þannig fyrir gögn og upplýsingar, þar á meðal sú andlitsmynd af ákærða sem gögn málsins bera með sér að brotþola hafi

verið send til að sýna hvernig viðmælandinn liti út, sem renna ótvíræðum stoðum undir að ákærði hafi átt í umræddum samskiptum við brotþola, hvort tveggja í kynferðislegu tali og með því að senda henni mynd af getnaðarlim, án tillits til þess hvers getnaðarlimur það hafi verið.

Þegar framangreint er heildstætt virt þykir hafið yfir skynsamlegan vafa að í skilningi 1. mgr. 109. gr. laga nr. 88/2008 hafi ákærði verið sá sem átti í samskiptunum á Snapchat við brotþola sem ákæra varðar. Er gætt að því að þegar litið er til alls þess sem fram er komið þykja ætluð vanhöld lögreglu á rannsóknaraðgerðum, ádeila á rannsóknaraðferðir, eða aðrar röksemdir og varnir ákærða ekki geta haggð því mati. Jafnframt þykir það tal sem ákærði viðhafði við brotþola, og að hluta er rakið með vísan til skýrslu í kafla I dómsins, og myndsending af getnaðarlim, falla að refsineymi 209. gr. almennra hegningarlaga sem lostugt athæfi sem sært hafi blygðunarsemi brotþola. Þá þykir hin ósiðlega háttsemi hans, í ljósi þess að sannað þykir um vitneskju hans um aldur brotþola, jafnframt varða samhliða við 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Er háttsemin því réttilega heimfærð til refsíákvæða í ákæru og hefur ákærði unnið sér til refsingar.

#### IV

Ákærði, sem fæddur er árið [...], hefur samkvæmt sakavottorði ekki áður unnið sér til refsingar og ber að líta til þess við ákvörðun refsingar, sbr. 5. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá verður ekki séð að sá dráttur sem varð á meðferð fyrir málshöfðun hafi verið honum um að kenna. Aftur á móti hefur hann verið sakfelldur fyrir brot gegn [...] 14 ára gömlu barni, sbr. einkum 1. og 7. tl. sama lagaákvæðis. Þykir refsing hans, með hliðsjón af því sem að framan er rakið og með vísan til 1. mgr. 77. gr. sömu laga, hæfilega ákveðin fangelsi í tvo mánuði, en fullnustu þeirrar refsingar þykir mega fresta og skal hún falla niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu þessa dóms haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

#### V

Í málinu liggur fyrir skaðabótakrafa af hálfu brotþola, að fjárhæð 1.500.000 krónur auk vaxta, sem er að öllu leyti um miskabætur samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Ákærði krefst sem fyrr greinir aðallega frávísunar þeirrar kröfu í tilviki sýknu í refsipætti málsins, til vara sýknu af kröfunni, en að því frágengnu að bætur verði ákvarðaðar að mun lægri fjárhæð en krafist sé.

Aðalkrafa ákærða byggist samkvæmt framanrituðu og því sem fram kom við aðalmeðferð að þessu leyti einvörðungu á ætlaðri sýknu í refsipætti málsins, sbr. 2. mgr. 176. gr. laga nr. 88/2008. Í ljósi úrslita málsins um refsikröfu ákærvalds verður ekki fallist á kröfu um frávísun skaðabótakröfunnar og ekki eru efni til að hún hljóti þau málsúrslit af sjálfsdáðum.

Varakrafa ákærða um sýknu af skaðabótakröfunni byggist á því að miski brotþola sé ósannaður vegna skorts á sönnunargögnum þar um, brotþoli og vinir hennar hafi að auki ákveðið að taka þátt í samskiptunum við ákærða og þá beri framburður brotþola ekki með sér að samskiptin hafi haft mikil áhrif á hana. Er þrautavarakrafa um lækkun kröfunnar byggð á sama grunni.

Við úrlausn um efnislegt réttmæti kröfunnar horfir dómurinn til þess að viðurkennt hefur verið í dómaframkvæmd að kynferðisbrot hafi alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir brotþola, og þá sér í lagi þegar í hlut eigi ungir einstaklingar, sbr. til hliðsjónar dóm Landsréttar 31. mars 2023 í máli nr. 427/2022, og hafa miskabætur að öðru virtu við þær aðstæður verið dæmdar án þess að fyrir liggi vottorð um andlega áþján. Að auki þykir af framburði brotþola í Barnahúsi bersýnilega ráðið að háttsemi ákærða hafi valdið henni miska í ljósi þeirrar vanlíðanar sem hún þar bar um. Verður tekið tillit til þessa við ákvörðun miskabóta í málinu án tillits til gildis nýlegra bréfaskrifta hennar. Enn fremur þykir með engu móti verða horft til háttsemi brotþola, eða eftir atvikum vina hennar, sem voru á grunnskólaaldri er brot ákærða áttu sér stað, þannig að áhrif geti haft á grundvöll eða fjárhæð bóta. Verða miskabætur til handa brotþola að málsatvikum virtum, og að nokkru með hliðsjón af dómaframkvæmd, ákveðnar 400.000 krónur með vöxtum samkvæmt því sem í dómsorði greinir. Er þess þá gætt að ekki eru athugasemdir af hálfu ákærða við endanlega kröfu um vexti samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 og að ákærði tók afstöðu til bótakröfu eftir að hún var kynnt honum og verjanda hans í skýrslugjöf hjá lögreglu 27. apríl 2023.

## VI

Á grunni 1. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála verður ákærði dæmdur til að greiða allan sakarkostnað málsins. Til þess kostnaðar heyra málsvarnarlaun verjanda ákærða fyrir dómi og á rannsóknarstigi og aksturskostnaður til og frá aðalmeðferð, þóknanir réttargæslumanna brotþola fyrir dómi og á rannsóknarstigi, og aksturskostnaður þeirra, og annar sakarkostnaður, sem er aksturskostnaður vegna vitnisins C til og frá aðalmeðferð sem ákvarðaður var í því þinghaldi að fjárhæð 17.280

krónur. Við ákvörðun málsvarnarlauna, þóknana og aksturskostnaðar verður tekið mið af leiðbeinandi reglum dómstólasýslunnar.

Í ljósi umfangs málsins, og að nokkru með hliðsjón af tímaskýrslu, þykja málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir dómi, Anítu Rögnvaldsdóttur lögmanns, hæfilega ákveðin 530.100 krónur, auk 17.280 króna í aksturskostnað. Á sama grunni þykja málsvarnarlaun fyrri verjanda ákærða, hvort tveggja fyrir dómi og á rannsóknarstigi, Sigurðar Sigurjónssonar lögmanns, hæfilega ákveðin 1.232.343 krónur. Þá þykir þóknun réttargæslumanns brotþola fyrir dómi, Ástu Bjarkar Eiríksdóttur lögmanns, á sama grunni hæfilega ákveðin 630.540 krónur, auk 12.096 króna í aksturskostnað. Enn fremur ákveðst þóknun réttargæslumanns brotþola á rannsóknarstigi 225.680 krónur, auk 15.369 króna í aksturskostnað. Ekki leiddi annan sakarkostnað af meðferð málsins en þann sem ákvarðaður var í þinghaldi 26. febrúar síðastliðinn. Eru málsvarnarlaun og réttargæsluþóknanir ákveðnar að meðtöldum virðisaukaskatti.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Klara Dögg Thorarensen aðstoðarsaksóknari.

Hákon Þorsteinsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

### **Dómsorð:**

Ákærði, X, sæti fangelsi í tvo mánuði, en fresta skal fullnustu refsingar og skal hún niður falla að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði A 400.000 krónur auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 5. desember 2022 til 27. maí 2023, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað málsins, sem í heild nemur 2.680.688 krónum, þar af 530.100 króna málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir dómi, Anítu Rögnvaldsdóttur lögmanns, og 17.280 króna aksturskostnað þess verjanda, en einnig 1.232.343 króna málsvarnarlaun fyrri verjanda fyrir dómi og á rannsóknarstigi, Sigurðar Sigurjónssonar lögmanns, 630.540 króna þóknun skipaðs réttargæslumanns fyrir dómi, Ástu Bjarkar Eiríksdóttur lögmanns, og 12.096 króna aksturskostnað þess réttargæslumanns, og 225.680 króna þóknun tilnefnds réttargæslumanns á rannsóknarstigi og 15.369 króna aksturskostnað þess réttargæslumanns.

Hákon Þorsteinsson